

Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 227/1994.

**Guðbjörg Friðriksdóttir Whalen**

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

**Friðrik A. Jónssyni hf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

### **Úrskurður Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð allt að 1.000.000 króna, í formi bankaábyrgðar.

Áfrýjandi mótmælir kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu.

Rök stefnda eru þau að áfrýjandi sé búsett í New York í Bandaríkjunum og að menn hér á landi séu ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verulegar líkur séu á, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur eða ómerktur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Um lagarök vísar stefndi til 130., 131. og 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er mótmælt sjónarmiðum stefnda um líklega niðurstöðu málsins í Hæstarétti og því haldið fram, að verulegar líkur séu á, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkkt. Við mat á nauðsyn og fjárhæð málskostnaðartryggingar verði að taka tillit til þess, að áfrýjandi eigi eignir hér á landi, skuldabréf og kröfu á hendur þrotabúi, sem ekki sé enn ljóst, hvort greiðist. Einnig vísar áfrýjandi til þess, að málskostnaður hafi verið felldur niður í héraði, og geti krafa stefnda um tryggingu einungis náð til kostnaðar, sem stefndi kynni að fá dæmdan vegna reksturs málsins fyrir Hæstarétti. Við mat á fjárhæð tryggingar beri ekki að taka tillit til þess, að stefndi hyggt hafa uppi kröfu um málskostnað í héraði. Verði fallist á

kröfu stefnda, er þess krafist, að áfrýjanda verði heimilað að leggja trygginguna fram, hvort heldur í formi peninga eða ábyrgðaryfirlýsingar frá banka.

Áfrýjandi er búsett í Bandaríkjunum. Í málinu krefur hún stefnda um greiðslu á fjárhæð, 2.019.338 krónum, auk vaxta og málskostnaðar. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 ber að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vitað til, að menn, búsettir á Íslandi, séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Skal hún vera í formi peninga eða bankaábyrgðar og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

#### Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, Guðbjörgu Friðriksdóttur Whalen, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 500.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 227/1994. Ber henni að leggja trygginguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

---